

Lagt er til að kennarar í námi notanda:
<ul style="list-style-type: none">• skilgreini hlutverk aðstoðarfólks í námi notanda og gefi aðstoðarfólki skýrar leiðbeiningar um það.
<ul style="list-style-type: none">• bæti upplýsingamiðlun um nám notanda og tryggji að upplýsingarnar komist til skila til aðstoðarfólksins sem fylgir honum í kennslustundum, meðal annars með því að vera meðvitaðir um hugsanlega milligöngumenn í búsetuþjónustunni.
<ul style="list-style-type: none">• taki þátt í að búa til vettvang fyrir beint samstarf og bein samskipti kennara og aðstoðarfólks.
<ul style="list-style-type: none">• séu meðvitaðir um eigið hlutverk og miðli því jafnframt markvisst til aðstoðarfólks, leitist við að vinna sem jafningjar aðstoðarfólks frekar en stjórnendur og geri sér grein fyrir að þeir geti verið fyrirmynd fyrir aðstoðarfólk.
<ul style="list-style-type: none">• hvetji til að nota námið í innihaldsríkum samræðum í daglegu lífi notanda þegar tækifæri gefst.